



Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 7. árgangur, 2. mars 2014

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólahjúkrun

Nú hafa orðið skipti á skólahjúkrunarfræðingum hjá okkur en hún Inga Berglind er horfin til annarra starfa og við starfinu hefur tekið Alma Sif Stígsdóttir. Hún hefur viðveru í skólanum þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 8:15-14:15. Beinn sími til Ölmú er 460-4112 og netfang hennar er almas@akmennt.is



Kæra skólasamfélag

Marsmánuður hefst á stuttri viku áður en vetrarfríð brestur á og nýtist það vonandi sem flestum til samveru, upplýtingar og endurhleðslu fyrir síðustu mánuði skólaársins. Mánudagurinn 10. mars er starfsdagur, þann dag er Frístund lokuð og ætlar starfsfólk skólans að nýta tækifærið og fara í heimsóknir í nokkra aðra skóla til að fræðast um starfshætti og aðbúnað og safna ýmsum fróðleik í sarpinn til heimanota. Flestir kíkja á höfuðborgarsvæðið þar sem Norðlingaskóli, Dalskóli, Sjálandsskóli og Ingunnarskóli verða heimsóttir en þar er um að ræða skóla sem eru að sumu leyti svipaðir Naustaskóla hvað varðar stefnu og starfshætti, þó hver á sinn hátt. Aðrir starfsmenn verða eftir hér norðan heiða og heimsækja nokkra skóla hér á Akureyri. Annars er það helst að fréttu að við erum að byrja að huga að næsta skólaári og má þar nefna að búið er að ákveða að skóli verði settur fimmtudaginn 21. ágúst í haust, og vetrarfrí að hausti verði 24.-27. október, þannig að þeir sem hugsa langt fram í tímann geta farið að skipuleggja sig með tilliti til þessa. Annars allt gott að fréttu og útlit fyrir prýðilegan marsmánuð framundan... Og lífið er að sjálfsgöðu dásamlegt!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Breytingar á fjölskylduvef mentor

Nú gefst nemendum og aðstandendum kostur á að nýta sér fjögurra stafa PIN númer í stað þess að slá inn notanda- og lykilorð við innskráningu í Mentor. PIN aðgangurinn tengist tæki og vafra sem viðkomandi notar þannig að hver og einn þarf að velja hvort hann vilji virkja PIN aðgang í því tæki sem hann er að nota. Leiðbeiningar má finna í stuttu myndbandi á slóðinni:

<http://www.youtube.com/watch?v=JChGuAjacyQ>

Önnur breyting sem hefur verið gerð er að aðstandendur geta nú stýrt því hvaða upplýsingar aðrir foreldrar í bekkjum barnanna sjá um þá í Mentor. Mögulegt er að birta heimilisfang, netfang og síma en það er val hvers og eins. Ef aðstandendur breyta ekki sínum eigin stillingum eru allar upplýsingar um þá sýnilegar. Leiðbeiningar um þetta má finna á slóðinni:

<http://www.youtube.com/watch?v=bjao4FXrOxM>



Starfsmannamál

Það eru töluverðar sviptingar í starfsmannamálum hjá okkur þessar vikurnar, töluverð veikindaföröll, fólk að koma úr orlofum og aðrir að ljúka sínum ráðningartímum og hætta störfum. Frá áramótum hafa tveir starfsmenn horfið frá störfum hjá okkur, þær Yrsa Hörn Helgadóttir og Þórey Ómarsdóttir. Í síðasta mánuði bættust tveir nýir skólaliðar í hópinn í hlutastörfum en það eru þær Svandís Þóroddsdóttir sem kom inn í Frístund eftir hádegið og Inga Vala Magnúsdóttir sem er skólaliði fyrir hádegi. Sunna kennari í 2.-3. bekk hefur verið forfölluð að undanförunu en Jóhanna Gunnlaugsdóttir hefur leyst hana af, en við eigum von á að Sunna komi aftur til starfa að loknu vetrarfrí. Nú um mánaðamótin snúa þær Þóra Ýr Sveinsdóttir og Gyða Björk Aradóttir aftur til starfa að loknum fæðingarorlofum. Gyða fer inn í hlutastarf sem viðbótarkennari í 1. bekk en Þóra Ýr tekur við stöðu umsjónarkennara í 4.-5. bekk í stað Selmu Sigurðardóttur Malmquist sem hefur verið þar í tímabundinni afleysingastöðu og hverfur nú á braut. Í byrjun apríl mun svo Þórey Sjöfn Sigurðardóttir íþróttakennari koma inn úr fæðingarorlofi og þá lýkur ráðningartíma Orra Freys Hjaltalín. Þá má nefna að Áshildur Hlín Valtýsdóttir hefur verið töluvert inni í forfallakennslu hjá okkur að undanförunu. Við bjóðum nýtt starfsfólk, og þá sem eru að koma aftur eftir leyfi velkomna til starfa og þökkum þeim sem hætta fyrir samfylgdina og gott starf!

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Á hverju ári er stóra upplestrarkeppnin sett á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og frá þeim tíma æfa nemendur 7. bekkjar sig í upplestri og framsögn. Miðvikudaginn 19. mars verður svo upplestrarhátíð og keppni hjá okkur þar sem valdir verða þrjú fulltrúar skólans til að keppa á Stóru upplestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri sem haldin verður í MA þann 2. apríl. Foreldrar 7. bekkjunga og aðrir áhugasamir eru að sjálfsgöðu boðnir velkomnir á upplestrarhátíðina okkar en hún hefst kl. 8:30. Á myndinni hér til hliðar má sjá keppendur í úrslitakeppni síðasta árs.



Ball fyrir 1.-4. bekk !!

Mánudaginn 3. mars verður haldið ball fyrir nemendur í 1.-4. bekk kl. 17:00-19:00. Prýðilegt tækifæri til að máta öskudagsbúninginn!! Aðgangseyrir er 500 kr. og sjoppan verður opin. Ágóði rennur í ferðasjóð 10. bekkjar.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Mars 2014

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2.	3. Fiskibollur, kartöflur, salat og indversk sósa. Ávextir. Ball fyrir 1.-4. bekk kl. 17:00-19:00	4. Saltkjöt og baunir. Salatbar Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	5. Öskudagur / Vetrarfrí Frístund opin (Pylsur með öllu. Ávextir)	6. Vetrarfrí - Frístund opin (Öfnbakaður fiskur í mangosósu, hrísgrjón og gúrka. Ávextir)	7. Vetrarfrí - Frístund opin (Kjúklingapasta og salat. Ávextir.)	8.
9.	10. Starfsdagur Frístund lokað.	11. Soðið slátur, kartöflur, rófur og uppstúf. Ávextir. Smiðjuskil hjá 2.-3.b. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	12. Steiktur fiskur, hrísgrjón, salat. Salatbar Opíð hús 5.-7.b. 14:30-16:00 Skólahreysti	13. Spínatbuff, kartöflur, gúrka og súrmjólkursósa Ávextir.	14. Hrísgrjónagrautur og slátur. Salatbar.	15.
16.	17. Kjötþúðingur, kartöflur, soðið grænmeti og brún sósa. Ávextir.	18. Öfnbokað bleikja, kartöflugratín, salat og piparsósa. Ávextir. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	19. Kjöt og karrý. Salatbar. Stóra upplestrar-keppnin hjá 7. bekk	20. Fiskipottréttur, brún hrísgrjón og salat. Ávextir.	21. Grænmetisúpa og heimabakað brauð. Salatbar. Mottudagur	22.
23.	24. Fiskibúðingur, kartöflur, gúrka og heit tómatsósa. Ávextir.	25. Ungversk gúlassúpa. Salatbar. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	26. Grænmetispottréttur, hrísgrjón og salat. Ávextir.	27. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, gulrætur og lauksmjör. Salatbar.	28. Gúllas, hrísgrjón og salat. Ávextir.	29.
30.	31. Plokkfiskur, rúgbrauð og salat. Ávextir. Smiðjuskil hjá 4.-7.b.	1. apríl. Lasagna, kartöflustappa og gúrka. Salatbar. Opíð hús 4-5b 16:00-18:00	2. Fiskur í raspi, brún hrísgrjón, salat og dressing. Ávextir.	3. Tortillur. Ávextir	4. Makkarónusúpa, brauð og álegg. Salatbar.	6.

Vetrarfrí á vorönn er 5.-10. mars. Frístund er opin 5. - 7. mars en lokað mánudaginn 10. mars

Páskafri nemenda hefst föstudaginn 11. apríl og kennsla að loknu páskafri hefst þriðjudaginn 22. apríl.